

10. fundur Undirbúningsstjórnar vegna sameiningar sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn föstudaginn 12. júní í fjarfundakerfinu Zoom.

Fundurinn hófst kl. 8:00.

Mættir eru Björn Ingimarsson, Kristjana Sigurðardóttir, Anna Alexandersdóttir, Hannes Karl Hilmarsson, Stefán Bogi Sveinsson, Jón Þórðarson, Jakob Sigurðsson, Gauti Jóhannesson, Þorbjörg Sandholt, Bergþóra Birgisdóttir, Aðalheiður Borgþórsdóttir, Hildur Þórisdóttir og Elvar Snær Kristjánsson. Helgi Hlynur Ásgrímsson kom inn á fundinn við dagskrárlið 5.

Róbert Ragnarsson, sem ritaði fundargerð.

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir mannauðsráðgjafi.

Vilhjálmur Jónsson boðaði forföll.

1. Fundargerðir

Fundargerð síðasta fundar Undirbúningsstjórnar lögð fram og staðfest.

Fundargerð síðasta fundar Framkvæmdahóps lögð fram og staðfest.

2. Atvinnuauglýsingar

Framhald frá síðasta fundi. Sveitarstjórnirnar fjórar hafa veitt Undirbúningsstjórn heimild til að auglýsa störf.

Tilboð frá fjórum ráðningarstofum lágu fyrir fundinum. Frá Fast- ráðningum, Hagvangi, Intellecta og Strá. Framkvæmdahópurinn metur tilboð Hagvangs hagstæðast og leggur til að gengið verði til samninga við þau.

Samþykkt samhljóða og ráðgjöfum falið að setja verkefnið af stað.

Fyrir fundinum lág tillaga að texta í starfsauglýsingu fyrir störf Verkefnastjóra rafrænnar þróunar og þjónustu, Verkefnastjóra mannauðs og Framkvæmda- og umhverfisstjóra. Engar athugasemdir voru við textann og ákveðið auglýsingarnar birtist næstkomandi laugardag með umsóknarfrest til 30. júní.

3. Heiti á nýtt sveitarfélag

Undirbúningur þess að atkvæðagreiðsla um nýtt heiti á sameinað sveitarfélag geti farið fram samhliða forsetakosningum 27. júní næstkomandi er hafinn. Róbert sagði frá samráði við dómsmálaráðuneytið, Þjóðskrá og Nafnanefndina. Þjóðskrá hefur útbúið „kjörskrá“ sem miðast við að 16 ára og eldri hafi rétt til þátttöku. Skráin ætti að berast sveitarfélögunum eftir helgina. Áætlað er að framkvæmd atkvæðagreiðslu um nýtt heiti verði á sama tíma og á sömu kjörstöðum og forsetakosningar, en framkvæmd verði aðskilin.

Undirbúningsstjórn felur Nafnanefnd ábyrgð á umsjón og framkvæmd atkvæðagreiðslunni í samráði við kjörstjórnir. Ákveðið að íbúar fái að velja utan kjörfundar á skrifstofum eða bókasöfnum sveitarfélaganna.

4. Rafræn stjórnsýsla

Fundargerð starfshóps um rafræna stjórnsýslu lögð fram þar sem er að finna tillögur um forgangsröðun verkefna á árunum 2020 og 2021. Verkefnin eru þessi.

- Innleiðing símkerfis. Skipta þarf um flestöll símtæki í sveitarfélögunum á þessu ári.
- Ný heimasíða. Breytingar og uppsetning.
- Innri vefur fyrir starfsemi sveitarfélagsins.
- Innleiðing á skjala- og málakerfi.
- Uppfærsla og tenging upplýsingakerfa milli starfsstöðva
- Útbúa málasmíðmát, rafræn eyðublöð og öryggishópa.
- Innleiðing rafrænna undirritana.
- Innleiðing á viðveru- og tímaskráningarkerfi.
- Þjálfun og kennsla fyrir starfsfólk og kjörna fulltrúa.

Óskað er fjárheimildar allt að 20 mkr. á árinu 2020. Fjármögnun verður af framlögum Jöfnunarsjóðs til undirbúnings stjórnsýslu og þjónustu. Samþykkt samhljóða.

5. Hlutverk sveitarstjóra

Sveitarstjórar viku af fundi.

Framhald frá síðasta fundi þar sem ákveðið var að Katrín Dóra og Róbert ræði við sveitarstjórana hvern fyrir sig til að fá gleggri upplýsingar. Þau lögðu fram samantekt frá viðtölum við sveitarstjóra fjóra um möguleg hlutverk sveitarstjóranna í sameinuðu sveitarfélagi.

Ráðgjöfum falið að afla álits lögfræðinga Sambands íslenskra sveitarfélaga á ákvæðum um starfslok í ráðningarsamningunum og taka saman yfirlit yfir fjárhagsleg áhrif.

6. Næsti fundur Undirbúningsstjórnar

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 9:20.